

Eða það er með skáld eins og aðra leiðtoga þjóðarinnar, að það eru helzt engir færir til að brjóta nýjar brautir, finna nýtt vað á héraðsvötnum vanans, en eftir að það er af hendingu fundið, þá eru ótal margir, er riðið geta yfir um eða rekið lestir, því vér Íslendingar erum frægustu reiðmenn, svo sem Grímur vitnar? Framförin og menningarviðleitnin verður því altaf mjög einhliða, vöðin verða ekki mörg, fyrstu brautleggjendurnir fáir, hóparnir aftur fjölmennari og fara mikinn. Kraftarnir skiftast ekki í sundur, þótt í lands og félagsmálum sé oft töluverðar róstur. Það ber til af því að mönnum semur ekki um það, hver beri bezt kenst á króka brautarinnar — eftir hverjum hópurinn rekist bezt. Brautin er sú sama. Af þessu virðist stundum eins og deilan sé um mismunandi slóðir, er önnur liggja til fjalls en hin til fjöru. En það er ekki, þegar málið er brotið til mergjar. „Íslendingar viljum vér allir vera“, ríða í hóp, elskulegir bræður, eftir lögðum leiðum. Þrátt flokksforingjanna—baráttan mikla— er „Eldgamla Ísafoldin“ hans Ærutobba:

„Veit eg víst hvar vaðið er,  
 en vil þó ekki segja þér.  
 Fram af eyrar oddanum,  
 undan svarta bakkanum.

Það er ekki óáþekkt þessu með skáldin.

Það kveða við raddir í hverjum hól, þrestirnir eru margir  
 og „nefin litlu liðug og víð.“

En flestar eru raddirnar bergmál og allar með sama lagi.

Skáldin íslenzku segja oss, að eins sé oss vant . . . „Eins er yður vant! . . . *Eins er yður vant!* . . . **Eins er yður vant!** . . . Líkir eruð þér súrdeigi, er kona tók og fól í 3 mælum mjöls. — Líkir eru þér súrmjólkurkollu, er kona nokkur fól í lundabagga og svið. Þér elskið ekki nóg trúna og landið.“ Maður ætti ekki að spyrja, hvort er meira vert „fórinn eður altarið, sem fórnina helgar?“ Hvort er meira vert landið, eða landsins börn er gjöra það að lifandi manna bústað?— Þeim, sem mikið elska mun mikið fyrirgefið verða— úr ríkissjóði.

Áherzlumunur finst þó örlítill. Einn leggur áherzlu á, að lögð sé meiri rækt við ástina til guðs og trúna, og fylgir honum